

AUGLÝSING

um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009.

„STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar nr. 955/2009.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ef ætlað kynferðisbrot varðar barn, skal sá sem hefur vitneskju um málið, gegna skilyrðislausri tilkynningaskyldu samkvæmt gildandi lögum. Öllum málum er varða ætluð kynferðisbrot innan kirkjunnar skal vísað til fagráðs. Óheimilt er að afgreiða í söfnuði eða sóknarnefnd mál er varðar ætlað kynferðisbrot.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Hlutverk fagráðs er eftirfarandi:

- a) að fylgja eftir að mál sem varða kynferðisbrot og upp koma innan kirkjunnar, fái viðhlítandi málsmeðferð samkvæmt landslögum og starfsreglum þessum;
- b) að heyra umkvartanir þolenda, leiðbeina þeim um málsmeðferð og sjá til þess að þeir fái stuðning eftir því sem við á hverju sinni;
- c) að vera biskupi og kirkjuyfirvöldum til ráðgjafar varðandi mál er tengjast kynferðisbrotum;
- d) að fjalla um einstök mál sem vísað er til þess af úrskurðarnefnd eða áfrýjunarnefnd og veita henni ráðgjöf um meðferð þeirra;
- e) að meta árangur starfsreglna og koma með tillögur til úrbóta ef með þarf;
- f) að stuðla að forvörnum og fræðslu um kynferðisbrot innan kirkjunnar í samvinnu við fræðslusvið Biskupsstofu.

3. gr.

5. gr. fellur brott.

4. gr.

6. gr. verður 5. gr. svohljóðandi:

Fagráð getur leitað til utanaðkomandi aðila til að taka að sér hlutverk talsmanns þolenda í tilteknum málum. Talsmaður starfar í umboði og á ábyrgð fagráðs. Hlutverk talsmanns er að vera þeim sem telur sig þolanda kynferðisbrots til ráðgjafar og stuðnings. Talsmaður skal hafa reynslu af því að vinna með þolendum kynferðisbrota og hafa háskólamenntun sem nýtist við verkefnið.

5. gr.

7. gr. verður 6. gr. svohljóðandi:

Telji einstaklingur að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti, sbr. 1. gr., skal hann fá aðstoð og fyrirgreiðslu hjá fagráði. Fagráð aðstoðar hann við að kæra til lögreglu og/eða leggja mál fyrir úrskurðarnefnd, sbr. 12. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, ef hann óskar. Fagráð aðstoðar hann við að finna aðra nauðsynlega aðstoð. Fagráð skal jafnframt upplýsa hann um þær starfsreglur þjóðkirkjunnar sem við geta átt.

7. gr.

8. gr. verður 7. gr.

8. gr.

9. gr. verður 8. gr.

10. gr. verður 9. gr. 9. gr.

11. gr. verður 10. gr. 10. gr.

11. gr.
Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. desember 2010.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.